

STJÓRNARTÍÐINDI B 41 – 1991

26. apríl 1991

705

Nr. 381

REGLUR

um fjárstjórn Strandarkirkju.

1. gr.

Sóknarnefnd hefir umsjón með Strandarkirkju og heimtírkirkjugjöld, eins og verið hefir.

Gerir hún biskupi Íslands árleg skil fyrir þeim ásamt áheitum, er henni kunna að berast. Biskup semur árlegan aðalreikning kirkjunnar.

2. gr.

Sjóðfé kirkjunnar skal ávaxtað í Hinum almenna kirkjusjóði.

Þess skal gætt, að hæfilegu fé sé haldið af sjóðnum til nauðsynlegs viðhalds og varðveislu kirkjunnar og lands hennar.

3. gr.

Biskup og sóknarnefnd fara með umsjón jarðeigna, jarðarhlunninda og annarra eigna kirkjunnar undir yfirumsjón dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. gr. laga um Strandarkirkju og sandgræðslu í Strandarlandi nr. 50 1928 og tekur þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi bráðabirgðareglur um fjárstjórn Strandarkirkju nr. 20 frá 10. apríl 1931.

Dómsmálaráðuneytið, 26. apríl 1991.

Óli Þ. Guðbjartsson.

Þorsteinn Geirsson.